

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 134/2020

2023/EES/52/19

frá 25. september 2020

um breytingu á X. viðauka við EES-samninginn (Almenn þjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2019/1269 frá 26. júlí 2019 um breytingu á framkvæmdarákvörðun 2014/287/ESB um viðmiðanir við að koma á fót og meta evrópsk tilvísunarnet og aðila að þeim og til að greiða fyrir skiptum á upplýsingum um og sérþekkingu á að koma slíkum netum á fót og meta þau ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/534 frá 16. apríl 2020 um að fresta meðferð umsókna um aðild að fyrirliggjandi evrópskum tilvísunarnetum ⁽²⁾.
- 3) X. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

X. viðauka við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 2d (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/287/ESB):

„, breytt með:

- **32019 D 1269**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1269 frá 26. júlí 2019 (Stjtið. ESB L 200, 29.7.2019, bls. 35).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 2d (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/287/ESB):

„2e. **32020 D 0534**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/534 frá 16. apríl 2020 um að fresta meðferð umsókna um aðild að fyrirliggjandi evrópskum tilvísunarnetum (Stjtið. ESB L 119, 17.4.2020, bls. 18).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) 2019/1269 og (ESB) 2020/534, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 200, 29.7.2019, bls. 35.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 119, 17.4.2020, bls. 18.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.